

Undirritaðir aðilar, eigandi jarðarinnar Lauga, Hraungerðishreppi, Árnessýslu, og hreppsnefnd Hraungerðishrepps f.h. hreppsins gera með sér svofelldan

## S A M N I N G

### 1. grein.

Hraungerðishreppur fær rétt til borunar einnar holu eftir heitu vatni í landi jarðarinnar Laugar og til að virkja og nýta þann jarðhita, sem fæst með boruninni, með þeim skilmálum, er settir eru í samning þennan.

Gefi borholan hinsvegar ekki þann árangur að hreppurinn sjái sér fært að nýta hana til virkjunar er hreppnum heimilt að bora fleiri tilraunaholur og skal allur kostnaður er hreppurinn hefur af slikum tilraunaborunum verða eigin Lauga. Hinsvegar tekur hreppurinn ekki að sér að greiða kostnað Orkusjóðs við slikein tilraunaboranir og verður það því samkomulag milli Orkusjóðs og jarðarinnar Lauga, ef Laugar hyggjast notfæra sér slikein tilraunaborholur.

Hraungerðishreppi er heiniilt að bora í landi jarðarinnar, þar sem sérfræðingar Orkustofnunar álita vænlegt og til þeirrar dýptar, er þeir telja nauðsynlegt til fulls árangurs, en haga ber framkvæmdum þannig, að sem minnstri röskun og spjöllum valdi.

Um hverjar þær framkvæmdir, sem Hraungerðishreppur gengst fyrir í landi jarðarinnar og valda kunna spjöllum eða raski að einhverju taígi á landi, eignum eða gæðum, skal hafa samráð við jarðeiganda og taka tillit til óska hans, svo haga megi verkum á sem hagkvæmastan hátt fyrir báða aðila.

### 2. grein.

Hraungerðishreppi eru heimil nauðsynleg afnot af landi jarðarinnar til borunar eftir heitu vatni og virkjunar jarðhitans. Heimilt er að leggja þær hitavatnsleiðslur um land jarðarinnar, sem nauðsynlegar eru til nýtingar jarðhitans, gera nauðsynlega umferðaleið meðfram leiðslum og að vinnusvæðum, gera borplönn, reisa dæluhús yfir borholu og annað er nauðsynlegt reynist, vegna virkjunar og nýtingar jarðhitans. Jafnframt er Hraungerðishreppi heimil sú umferð um land jarðarinnar, sem nauðsynleg er vegna borana, lagnningar leiðslan, byggingar dæluhúsa og viðhalds og starfsrækslu á mannvirkjum vegna virkjunar jarðhitans.

3. grein.

Endurgjald fyrir borunar, virkjunar og nýtingarrétt jarðhitans skal vera sem hér segir:

- A. Við undirskrift samnings þessa greiðir Hraungerðishreppur jarðeiganda í eitt skipti fyrir öll kr. 3.000.000,- - þrjár milljónir króna --.
- B. Fyrsti sekúnduliterinn er úr borholunni kemur dælist til jarðarinnar með því hitastigi og þeim þrýsingi er verður á dælukerfinu og skal þetta gert án endurgjalds.
- C. Það vatnsmagn sem holan gefur umfram fimm sekúndulitra skal skiptast að jöfnu milli jarðarinnar og Hraungerðishrepps.
- D. Hraungerðishreppur dælir vatni jarðarinnar upp úr borholunni endurgjaldslaust.
- E. Hraungerðishreppur leggur heimæð af köldu vatni til jarðarinnar, án heimæðargjalds, í eitt íbúðarhús og eitt bú. Heimhæðin telst í eigu og umsjón Hraungerðishrepps.

4. grein.

Fyrir endurgjald skv. 3. grein fær Hraungerðishreppur auk réttinda skv. 1. og 2. greinar rétt á nýtingu á fjórum sekúndulitrum af heitu vatni næst á eftir þeim fyrsta sekúndulitra er upp úr borholunni kemur og dælist til jarðarinnar. Auk þess fær Hraungerðishreppur sbr. c lið 3. greinar að jöfnu á móti jarðeiganda það vatnsmagn er verður umfram fimm sekúndulitra.

5. grein.

Hraungerðishreppur skuldbindur sig til þess að hefja borun í landinu innan árs frá undirskrift samnings þessa, verði svo eigi gert fellur samningurinn úr gildi og greiðslan skv. a lið 3. greinar fellur til jarðeiganda.

6. grein.

Jarðeigandi afsalar Hraungerðishreppi fullum afnotum undir hitavatnsleiðslur, umferðaleið meðfram leiðslum, undir dæluhús yfir borholur og annað er nauðsynlegt reynist vegna virkjunar og nýtingar jarðhitans, í samræmi við ákvæði 31. gr. orkulaga nr. 58/29.april 1967 gegn því að Hraungerðishreppur greiði bætur skv. mati.

Aðilar eru sammála um, að þar sé um fullnaðargreiðslu að ræða fyrir afnotarétt að landinu til frambúðar, vegna hitaveitumann-virkja sem felur í sér skerðingu á eignar og notagildi þess fyrir jarðeiganda.

ENN fremur skal Hraungerðishreppur greiða bætur fyrir önnur landspjöll og tjón í eða á landi jarðarinnar, sem hljótast kann af umferð, framkvæmdum vegna borana, lagningu hitavatnsleiðslna, byggingu dæluhúsa og viðhaldi og starfrækslu mannvirkja.

Við mat á bótum skal tekið til viðmiðunar það sem tilökast annars staðar við hliðstæðar framkvæmdir.

Miðað skal við, að bætt sé það land, sú aðstaða þg þau jarðgæði, sem rýrna að gildi við framkvæmdir Hraungerðishrepps, í landi jarðarinnar. Hverfi heitt vatn úr núverandi dælustað í landi jarðarinnar Lauga við boranir Hraungerðishrepps eftir heitu vatni í landi jarðarinnar skal það þó eigi bætt, nema allar boranir verði árangurlausar.

Verði ekki smakomulag um ofangreindar batur eða annað tjón og þá eignarrýrnun, sem varða kann, þá eru aðilar sammála um að sætta sig við mat tveggja dómkvaddra óvilkhallra manna.

#### 7. grein.

Rísi mál út af samningi þessum, má reka það fyrir aukadómþingi Árnessýslu, án milligöngu sáttamanna.

Samningur þessi er gerður í tvæim samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sinu.

Til staðfestu eru nöfn samningsaðila rituð hér í votta viðurvist.

Laugum, 16. maí, 1980

Í. h. Hraungerðis hreyfus  
Sigríður Baldursdóttir  
oldri vidi

Jarðlur ár fyrir síði jarðvegir, eru aðal i lokaður skv. skýrslum Orkustofnunar með tímum 667901/Jan 11, Vestfjörður, janúar 1979, og minnka kann vic framangreindar örðumir og virkjánir og valda kann jarðvegirnar samhenglega tjóni, eftir því sem jafnlega að hálfa í eitt skipti fyrir öll, skv. mati að hvatara manna.

D.o.s.

Sigríður Baldursdóttir

Í. h. Hraungerðis hreyfus  
Sigríður Baldursdóttir  
oldri vidi

Vottar:

Jón Ólafsson  
hl.

Sigríður Baldursdóttir

Viðbóta - og breytingasamningur við samning dags. 16. maí 1980 milli eiganda jarðarinnar Lauga í Hraungerðishreppi og hreppsnefndar Hraungerðishrepps f.h. hreppsins.

1.gr.

Breytingar eru gerðar á 3. grein samningsins frá 16. maí 1980 og breytist c - liður samningsins og hljóðar nú svo: „Hrepparinn skilar til jarðarinnar 10% - tíu af hundraði - af því vatni er hann virkjar til sinna þarfá á hverjum tíma með sömu skilyrðum og skilmálum og í B - lið segir”.

2.gr.

Svofellid breyting er gerð á D - lið 3. grein: „Överri vatnasmagn úr nýboraðri holu jarðarinnar vegna frekari borunnar hreppsins skal það bætt með tilsvarandi hitamagni”.

3.gr.

Breyting er gerð á 4. grein samningsins og hljóðar því 4. grein nú svo eftir breytingu: „Fyrir endurgjald skv. 3. grein fær Hraungerðishreppur auk réttinda skv. 1. og 2. grein rétt á nýtingu á öllu því vatnsmagni er upp úr borholunni kemur umfram það er um getur í B og C lið 3. greinar”.

4.gr.

Viðbótarsamningur þessi er gerður í tveim  
samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínú  
og skal hann viðfestur frumsamningi.

Til staðfestu eru nöfn aðila undirrituð  
í votta viðurvist.

Sigfus Þórssen

Selfossi, 4. júlí 1980.

Í. H. Hrafngrímur Ívarsson  
Sleifarinn Gissur Ólafsson  
oldriði



Vottar:  
Jón Ólafsson  
hl.

Skjal nr. 2240, 1980/7/7

Móttakið til þinglýsingar 25/7/80

Innfert í þinglýsingabók 25/7/80

Þinglýsingarjald kr. 2.000,-

Stimpjall 13 - 13.200,-

kr. 15.200,-

